

From: [Ólöf Magnúsdóttir](#)
To: [Helga Björnsdóttir](#); [Huld Ingimarsdóttir](#)
Subject: Fw: BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meiri virkni í Árbæjarsafni - R21070162
Date: fimmtudagur, 12. ágúst 2021 10:07:55

Tilvísun í mál: R21070162

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meiri virkni í Árbæjarsafni er send menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til meðferðar. Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er tillagan nú á forræði menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og leggja skal hana fram á þeim vettvangi til afgreiðslu. Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R21070162

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meiri virkni í Árbæjarsafni - R21070162

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meiri virkni í Árbæjarsafni - R21070162

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til blásið verði meira lífi í Árbæjarsafni og svæðið þar í kring. Enda þótt eitt og annað sé þar á döfinni fer lítið fyrir Árbæjarsafni í hugum margra. Fulltrúi Flokks fólksins telur að viðburðir sem þar eru mættu vera fleiri. Sem dæmi er dagskrá fyrir skipulagða viðburði aðeins á sunnudögum og þriðjudögum enda þótt safnið sé opið alla daga yfir sumarið. Lagt er til að þarna verði vikulegur markaður og meira um að vera en nú enda bíður svæðið í heild sinni upp á mikla möguleika. Vel mætti hugsa sér að hafa þarna kaffihús og krá ef því er að skipta og fjölbreyttar uppákomur sem laða fólk að og veita því ánægju. Árbæjarsafnshúsin og svæðið allt í kring er einstakt og ætti það að vera metnaður borgarmeirihlutans og þeirra sem hafa umsjón með safninu og svæðinu að sem flestir komi þangað til að njóta húsakynna og umhverfis. Fegurð og saga staðarins í bland við markaði, veitingasölu, og styttri viðburði og fleira í þeim dúr er eitthvað sem laðar að og gefur staðnum líf. Fjölga mætti litlum leiktækjum og stilla upp fleiri afþreyingarmöguleikum sem henta þarna. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur borgaryfirvöld að gefa þessu gaum enda svæði sem tilheyrir okkur öllum.